

## **Verkefnaráð**

### **Fundargerðir: Verkefnaráð 10.04.2025**

|                                                      |   |
|------------------------------------------------------|---|
| <b>Verkefnaráð</b> .....                             | 1 |
| Starfhæfir sundstaðir þrátt fyrir netrof.....        | 2 |
| Fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar LÓA, fasi 2 ..... | 4 |
| Mínar síður hreyfingaryfirlit fjármálasvið .....     | 6 |
| Gæðakerfi ÞON og USK, niðurstaða frumathugunar ..... | 8 |

# Verkefnaráðsfundur 10.04.2025

|                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                     |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|
| <b>Verkefni</b><br>Verkefnaráð                                                                                                                                                                                                                                         | <b>Yfirskrift fundar</b><br>Verkefnaráðsfundur 2024 |
| <b>Dagsetning</b><br>10.04.2025                                                                                                                                                                                                                                        | <b>Staðsetning</b><br>Borgartún 12-14               |
| <b>Mættir:</b><br>Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Erna Kristjánsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Nanna Rún Ásgeirsdóttir, Birgir Lúðvíksson, Dagrún Ósk Jónasdóttir, Drífa Guðjónsdóttir Plank |                                                     |
| <b>Fjarverandi:</b>                                                                                                                                                                                                                                                    |                                                     |
| <b>Fundarritari:</b> Harpa Atladóttir / Eva Björk Björnsdóttir                                                                                                                                                                                                         |                                                     |

Fimmtudagur 10. Apríl 2025, kl. 10:00 –11:30 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 Starfhæfir sundstaðir þrátt fyrir netrof – Lára A.

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar LÓA, fasi 2 – Nanna Rún og Birgir

10:40–10:45 Umræður

10:45-11:00 Mínar síður hreyfingaryfirlit FAS – Erna og Dagrún Ósk

11:00-11:05 Umræður

11:05-11:20 Gæðakerfi ÞON og USK, niðurstaða frumathugunar – Drífa

11:20-11:30 Umræður

11:30 Fundi slitið

## Starfhæfir sundstaðir þrátt fyrir netrof

Mikilvægt er að sundstaðir borgarinnar séu starfhæfir þrátt fyrir netrof og að tæknimenn geti sinnt viðhaldi á hagkvæman og skilvirkan hátt svo öryggi sé ekki ógnað.

Markmið verkefnisins er að kerfin séu örugg með virka viðbragðs- og viðhaldsáætlanir. Góð og skilvirk þjónusta sé til staðar til að tryggja hagkvæmni í rekstri kerfanna, koma í veg fyrir óþarfa tekjutap og útgjöld sem og gæta að öryggi sundgesta. Mikilvægt er að samræma uppsetningu öryggismyndavéla, tryggja að vélar séu settar upp samkvæmt stöðlum svo viðhald kerfisins og vöktun sé tryggð.

Sundstaðir borgarinnar vinna eftir áhættumati sundstaða og þegar myndavélar fara út er það hæsta áhættustig og kallar á lokun þar til sýnileika er náð aftur.

Í dag er öryggismyndavéla vöktun á öllum sundstöðum, uppsetning er ekki samræmd nema í Dalslaug, Laugardal og Sundhöll að hluta. Miðlægt kerfi er ekki til staðar til að skoða heilsu vélanna og viðhalda þeim.

### Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Stuðningi og fjármagni í eftirfarandi:

- Verkefnastjóra, sérfræðingum UTR og verktaka

- Fjármagn til að setja upp samræmt kerfi og yfirfara öryggismyndavélar á sundstöðum borgarinnar
- Leyfisgjöld á verkefnatíma þar sem nýr hugbúnaður kemur inn
- Samtals 15,6 m.kr.

**Búið er að gera:**

- Áskorunarramma
- Fundur með forstöðumönnum sundstaða
- Fundir með tæknifólki UTR
- Greining á fyrirbyggjandi gögnum
- Greining á hugbúnaði sem borgin er með í notkun tengt öryggismyndavélum
- Greining á núverandi ferli ef um bilun verður
- Greining á núverandi ferli þegar ný öryggismyndavél er sett upp

**Með verkefninu á m.a að:**

Tryggja samræmingu og rétta skjölun, að ferli verði skýr milli sviða og setja upp viðbragðsáætlun. Koma í veg fyrir upplýsingaóreiðu og bæta rekstur og öryggi sundstaða.

**Væntur ávinningur/ábati:**

Dregur úr ferðum á starfsstaði, sparnaður er í ýmsu formi, sjá hér neðar:

**Mælanlegur ábati:**

- Umhverfisáhrif 207 kg ef hver laugar dettur út 1x per mán
- Tímasparnaður 5 vikur árlega
- Kostar minna óþekkt
- Fækkar kærum Mögulega
- Samrekstur Já

**Annar ábati:**

- Starfsánægja (minna álag)
- Bætt ímynd
- Ánægja borgarbúa
- Ásýnd borgarinnar samanber Vesturbæjarlaug í fjölmiðlum í janúar 2025

**Samantekt ábata:**

- Öruggeri sundstaðir
- Skýrir ferlar og viðbragðsáætlanir sem spara okkur óþarfa snúninga
- Komum í veg fyrir tekjutap vegna lokana
- Samræmd kerfi og lífvænlegri í rekstri

**Tímarammi:** 4 mánuðir**Áætlaður kostnaður:** 15,7 m.kr.**Næstu skref:**

- Fá verkefnastjóra
- Teikna upp núverandi stöðu og viðbragð
- Vinna drög að framtíðarferli
- Greina fýsileika lausna og þarfagreining fyrir örútboð ef þarf
- Örútboð eða semja við verktaka um lausn og uppsetningu
- Ítarleg kostnaðaráætlun
- Greina hvort gera á þjónustusamning eða sinna viðhaldi innanhúss í framhaldi
- Gerð viðbragðsáætlana skv. nýrri uppsetningu
- Gerð viðhaldsáætlanna skv. nýrri uppsetningu
- Innleiðing

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 10.04.2025: 4,27

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni hafnað eins og lagt var upp með það í kynningu. Þörf er á að greina áskorunina betur, fá verkefnastjóra frá UTR sem getur aðstoðað við að greina verkefnið, fer á bið hjá teymisstjóra tækniteymis. Koma skal svo aftur fyrir verkefnaráð. Hér þarf að skoða hvort það eigi að setja upp ferli varðandi allar öryggismyndavélar á vegum starfsstaða borgarinnar og innkaup þeirra eða hvort þetta snúi að tæknilegum útfærslum á t.d. netumhverfi sundastaða svo að vélar sem nú eru til virki þrátt fyrir.

| Nr. | Ákvörðun                                                                 |
|-----|--------------------------------------------------------------------------|
| 1   | Verkefni hafnað, greina áskorunina betur og koma aftur fyrir verkefnaráð |

**Aðgerðalisti**

| Nr. | Lýsing                                                                                | Ábyrðaraðili | Lokið |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------|--------------|-------|
| 1   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR                                  | EBB/HA       | x     |
| 2   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og teymisstjóra tækniteymis | EBB/HA       | x     |

Aftur í efnisyfirlit

## Fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar LÓA, fasi 2

Fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar er stafræn lausn til að draga úr handavinnu við framkvæmd og eftirfylgni funda, bæta starfsumhverfi starfsmanna og kjörinna fulltrúa.

Til að unnt sé að klára að uppfylla þarfir verkefnisins, er lagt til að komið verði á nýjum samningi við upplýsingatæknifélagið Apró (áður Prógramm) og að farið verði í fasa 2 í verkefninu til að klára útlistaða verkþætti sem eftir eru.

#### **Óskað er eftir frá verkefnaraði:**

- Samþykki fyrir því að fara í fasa 2 vegna fundarumsjónarkerfisins og fjármögnun uppá 24,6 m.kr. á fjárfestingu og 12,9 m.kr. í rekstur yfir fjögurra ára tímabil.
- Óskað er eftir því að verkefnaráð aðstoði við úrlausn á rekstri kerfis.

#### **Hvað er búið að gera:**

- Flutningur kerfis frá Alþingi til Reykjavíkurborgar
- Grunnaðlögun Stýrnnar, kerfi Alþingis að hugbúnaðarumhverfi Reykjavíkurborgar
- Uppsetning á nýjum gagnagrunni (SQL Server)
- Uppsetning á fundarumsjónarkerfinu sem kerfi með tengingum í gagnagrunn
- Aðlögun vefþjónustulags í nýju umhverfi
- Televic kerfið - almennur lærdómur, viðmót, aðgerðir, viðburðir og API
- Forritun einstakra aðgerða ræðustýringarkerfis
  - Setja og taka borgarfulltrúa af mælendalista
  - Gefa ræðumönnum orðið og taka af
  - Geta breytt sætaskipan
  - Ýmsar flýtiaðgerðir við fundarstjórn

#### **Með verkefninu á m.a að:**

- Endurnýta kóða í eigu Alþingis
- Nýta umfangsmikla þróunarvinnu
- Höfundar kóðans vinna verkefnið í verkþrepum
- Aðlaga að kröfum borgarstjórnar
- Tengja við Televic hug- og vélbúnað og vef Reykjavíkurborgar

#### **Væntur ávinningur/ábati:**

- Tímasparnaður 416.43 klst
- Sparnaður 4.338.929 kr

Áætlaður rekstrarkostnaður á ári

- 3.239.000 kr
- Innifalið í kostnaði er 10% vörustýring, hýsing kerfis í gagnaveri RVK og 30 tímar frá þjónustuaðila

#### **Annar ábati:**

- Draga úr vinnu við fundarumsjón og eftirfylgni funda
- Bætt starfsumhverfi fyrir starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar og kjörna fulltrúa
- Bætt öryggi við talningu atkvæða
- Fækkar hléum vegna vafaatriða
- Skilvirkari og aðgengileg samantekt um það sem fram fór á fundi
- Fjárhagslegur ábati

Samantekt ábata: Áætlaður árlegur sparnaður vegna verkefnis er hærri en áætlaður árlegur rekstrarkostnaður

**Tímarammi:** 12-14 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 25 m.kr

**Næstu skref:**

- Fara í framkvæmd á fasa 2

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs 10.04.2025: 3,00

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefnið er samþykkt með fyrirvara um afstöðu eiganda til krafna sem gerðar eru í tengslum við eigendahlutverks og samþykki eiganda varðandi rekstarkostnað.

| Nr. | Ákvörðun                        |
|-----|---------------------------------|
| 1   | Verkefni samþykkt með fyrirvara |

**Aðgerðalisti**

| Nr. | Lýsing                                                                                       | Ábyrðaraðilli | Lokið |
|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------|
| 1   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MOS/SBB og verkefnastjóra                   | EBB/HA        | x     |
| 2   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og teymisstjóra stafrænna leiðtoga | EBB/HA        | x     |
| 3   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs                       | EBB/HA        | x     |

Aftur í efnisyfirlit

## Mínar síður hreyfingaryfirlit fjármálasvið

Verkefnið snýr að því að bæta aðgengi að hreyfingaryfirlitum fyrir einstaklinga, eigendur og rekstaraðila sem hafa greitt fyrir þjónustu Reykjavíkurborgar.

Yfirlitin verða aðgengileg á auðveldan og stafrænan hátt á Mínun síðum og er því um að ræða aukna sjálfsafgreiðslu og aukið aðgengi að upplýsingum.

Ferlið í dag er að fullu handunnið af starfsmönnum innheimtu sem geta sinnt betur verðmætari verkefnum.

Þjónustuþegar þurfa að óska eftir hreyfingayfirlitum hjá starfsmönnum í gegnum netfang að mestu, en einnig símtöl eða heimsóknir. Um er að ræða um 200 yfirlit á ári sem sinnt er af innheimtu fjármálasviðs Reykjavíkurborgar (FAS).

**Óskað er eftir frá verkefnaráði:**

Fjármögnun uppá 2,5 m.kr. fyrir þróunarteymi til að gera hreyfingaryfirlit aðgengileg á Mínum síðum.

Um er að ræða útfærslu á fyrsta fasa verkefnisins.

**Búið er að gera:**

- Jafnréttisskimun og áskorunarrammi
- Kostnaðaráætlun frá Mínum síðum
- API tenging við Agresso
- Samskipti við þjónustuveitendur

**Með verkefninu á m.a að:**

Gera þjónustuþegum kleift að sækja sjálf upplýsingar á Mínum síðum.

Umboðslausn island.is gerir fyrirtækjum kleift að hægt verði að veita starfsmönnum umboð til að sækja hreyfingayfirlit fyrir hönd fyrirtækisins.

**Væntur ávinningur/ábati:**

- Sjálfsafgreiðsla þjónustuþega
- Tímasparnaður starfsfólks
- Heildarábati felst í einu starfsgildi á ári hjá innheimtu sem getur sinnt öðrum mikilvægari störfum

**Mælanlegur ábati:**

- Hagræðing sem nemur einu stöðugildi á ári. 18 m.kr.

**Annar ábati:**

- Starfsánægja
- Bætt ímynd
- Ánægja borgarbúa

**Samantekt ábata:**

- Mjög hagkvæmt er að fara í verkefnið.
- Þjónustuþegi getur afgangur sig sjálfur að fullu.
- Minni óánægja hjá starfsfólki við að reyna að leysa úr flóknum beiðnum um yfirlit.
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð.

**Tímarammi:** 2 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 2,5 m.kr

**Næstu skref:**

- Fundur með hagsmunaaðilum
- Viðtöl við framlínustarfsmenn
- Kortlagning núverandi þjónustu
- Greining og rýni í hillulausnir
- Ítarleg kostnaðaráætlun

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs 10.04.2025: 3,60

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni samþykkt.

| Nr. | Ákvörðun          |
|-----|-------------------|
| 1   | Verkefni samþykkt |

**Aðgerðalisti**

| Nr. | Lýsing                                                                                              | Ábyrðaraðilli | Lokið |
|-----|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------|
| 1   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga FAS                                                | EBB/HA        | x     |
| 2   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytinga og skrifstofustjóra umbreytinga og þjónustu | EBB/HA        | x     |

Aftur í efnisyfirlit

## **Gæðakerfi ÞON og USK, niðurstaða frumathugunar**

Tilgangur verkefnisins var að koma gæðahandbókum þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) og umhverfis- og skipulagssviðs (USK) í annað og betra form með því að nota grunnkerfi borgarinnar. Verkefnið var frumathugun á hvort gæðakerfi Spektra hentaði starfsemi borgarinnar og uppfyllti markmið:

1. Veita stjórnendum og starfsfólki skilvirkt og einfalt umhverfi fyrir gæðaskjöl og upplýsingaveitu.
2. Nýtt gæðakerfi notist við þau grunnkerfi (Sharepoint) sem notuð eru hjá borginni.
3. Samhæfing og stefnumótun gæðamála. Styðja við stöðlun verklags þvert á einingar þar sem þess er þörf.

Í hnotskurn snerist verkefnið um samningsgerð (þjónustusamningur) við Spektra, undirbúning, uppsetningu, undirbúning og innsetningu gæðaskjala, stillingar, ákvarðanir um útlit, prófun virkni, kynningar, leiðbeiningagerð, námskeið, innleiðingu, gerð lokaskýrslu og greinagerð. Einnig lokatillögur í kynningu fyrir verkefnaráði.

Niðurstaða er gæðakerfi sem fengið hefur nafnið Varða og er komið í virka notkun hjá ÞON.

Varða er í senn notendavæn og styður við virka gæðastjórnun með þátttöku bæði lesnotenda og skrifnotenda. Fagleg nálgun gagnast sérfræðingum í gæðamálum (umsjónaraðili).

ÞON og USK voru með gæðahandbækur sínar í ónotendavænum umhverfum, ÞON í Atlassian sem hefur takmarkaða gæðakerfis-virkni og kerfi USK (Rekstrarhandbók) er gamalt og komið á enda líftíma.

### **Óskað er eftir frá verkefnaráði:**

- Að verkefnaráð taki ákvörðun um hvernig önnur svið sem áhuga hafa á að kaupa þetta sama gæðakerfi og taka það í notkun skuli nú bera sig að.
- SaaS vörustjóra hjá Stafrænni Reykjavík fyrir Vörðu til frambúðar.
- Að kostnaður við þjónustu vörustjóra og UTR verði gefinn upp.
- Stafrænir leiðtogar og eigandi kerfis koma þeim skilaboðum áfram.

### **Búið er að gera:**

- Áskorun kynnt 19.6.2024. Samþykki verkefnaráðs að hefja frumathugun/POC
- Innkaup og samningsgerð að fengnu áliti lögfræðinga. Tilboð, þjónustusamningur 18.10.2024
- Beiðni til UTR og M365 teymis vegna uppsetningar umhverfis á Sharepoint svæði ÞON og aðgangs fyrir Spektra (prófun, raun)
- Uppsetning kerfis – ákvarðanir varðandi málaflokka, útlit, samræmi skjalasniðmáta, aðgangshópa, nafn, útgáfufærli o.fl.
- Námskeið umjónaraðila hjá Spektra
- Innsetning skjala. Virkniprófanir, notendavænleiki metinn
- „Nýtt kerfi í UT-þjónustu“ fyllt út
- Leiðbeiningar aðlagðar ÞON
- Kerfið gert aðgengilegt hjá ÞON (starfsfólki og verktökum). Kynningarátak á öllum starfstöðum ÞON 12.2.2025
- Námskeið fyrir skrifnotendur (ritstjóra) hjá eiganda/umsjónaraðila
- Kynningar fyrir stafræna leiðtoga og fagfólk annarra sviða

### **Með verkefninu var:**

Gæðahandbók frá Spektra sett upp á Sharepoint síðum hvors sviðs.

Verkefnið breytir umhverfi gæðaskjala og kemur þeim fyrir í öruggu, skilvirku og notendavænu umhverfi sem er sérstaklega hannað fyrir gæðahandbækur stofnana og fyrirtækja og eru studd af innviðum sem borgin á fyrir og samræmist stefnu borgarinnar í upplýsingatækni.

Markmiðum var náð, þau voru eftirfarandi:

| Markmið                                                                                              | Mælikvarði                                                                                                                                                                                           | Niðurstaða                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Veita stjórnendum og starfsfólki skilvirkt og einfalt umhverfi fyrir gæðaskjöl og upplýsingaveitu.   | Notendavænt nýtt kerfi og skýr upplýsingaveita verður aðgengileg hjá ÞON og USK fyrir árslok 2024.                                                                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Kerfið var tilbúið hjá ÞON í febrúar 2025, námskeið haldin í mars 2025 og greinagerð skilað fyrir marslok 2025.</li> <li>✓ Hjá USK hefur uppsetning farið fram en innsetning skjala hefur tafist af ýmsum ástæðum</li> </ul>              |
| Nýtt gæðakerfi notist við þau grunnkerfi (Sharepoint) sem notuð eru hjá borginni                     | Kaup og uppsetning á staðlaðri gæðahandbók sem byggð er ofan á Sharepoint í Office365 umhverfi borgarinnar takast og eru innan kostnaðaráætlunar verkefnis                                           | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Gæðakerfi Spektra er SaaS veflausn sem byggð er á þeim innviðum sem eru nú þegar fyrir hendi hjá borginni, Sharepoint í M365 og samræmist stöðlum borgarinnar í upplýsingatækni.</li> <li>✓ Kostnaður innan áætlunar verkefnis</li> </ul> |
| Samhæfing og stefnumótun gæðamála. Styðja við stöðlun verklags þvert á einingar þar sem þess er þörf | Möguleiki skapast á því að í framtíð geti allar gæðahandbækur borgarinnar verið í sama kerfi og skjöl sem gilda þvert á borgina verði þar aðgengileg öllu starfsfólki og samræming hafi átt sér stað | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Þessi möguleiki samhæfingar er nú fyrir hendi taki önnur svið upp sama kerfi</li> </ul>                                                                                                                                                   |

### Væntur ávinningur/ábati:

Mælanlegur ábati:

Kostnaðarlegur ábati hjá ÞON er að losna við kostnað í Atlassian (t.d. 1,5 m.kr á ári) og rekstrarhandbók hjá USK. Í staðinn koma áskriftargjöld uppá 660 þús kr. á ári, föst upphæð óháð notendafjölda. Áskrift USK verður um 900 þús kr. (meiri fjöldi skjala)

### Annar ábati:

- Aukið öryggi, skilvirkni, notendavænleiki, sérhannað fyrir gæðakerfi
- Kunnuglegt umhverfi, þægindi, virk þátttaka, starfsánægja, betra aðgengi
- Valdefling ritstjóra
- Fjölbreytileiki skjalaforma
- Skilvirk útgáfustýring
- Bætt ferlahönnun
- Auðveld tenging milli skjala og við ytri hlekki
- Innleiðing og þjálfunarsaga, bætt gæðavitund
- Mælaborð gerð sýnileg
- Góð/betri ímynd
- Býður upp á alla virkni sem gott gæðakerfi þarf að hafa

### Samantekt ábata:

- Hagkvæmt kerfi, uppfyllir öll markmið og kröfur sem gerðar voru
- Náist samræming gæðamála hjá borginni eins og lagt er upp með getur ábati hugsanlega orðið mælanlegur í lægri mánaðarlegri áskrift (þó enn óljóst)


- Ábati skapast af því að nota fyrirbyggjandi upplýsingatækni innviði og geta veitt öllu starfsfólki þar með aðgang án aukakostnaðar
- Helsti ábatinn er ekki kostnaðarlegur heldur kerfi með mun meiri faglegri virkni sem opnar á möguleika á sameiginlegum vettvangi og samræmingu gæðamála hjá allri borginni

### Tillaga að leiðum – ákvörðun:



## Tillaga að leiðum – ákvörðun

- Legg til leið A vegna þess að hún uppfyllir markmið frumathugunar og er skynsamleg



### Tegund verkefnis: Rekstrarverkefni

### Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 19.06.2024: 2,53

### Niðurstaða verkefnaráðs:

Mjög skýr kynning og vel uppsett. Samþykkt að fara leið A. Mikilvægt að skoða samninginn með lögfræðing.

| Nr. | Ákvörðun          |
|-----|-------------------|
| 1   | Verkefni samþykkt |

### Aðgerðalisti

| Nr. | Lýsing                                                                                        | Ábyrðaraðilli | Lokið |
|-----|-----------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------|
| 1   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra gæðamála                                         | EBB/HA        |       |
| 2   | Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar og teymisstjóra SaaS lausna | EBB/HA        |       |

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs dags: 8.5.2025